

Stjórnarfundur í Geðhjálp

14. maí 2025 kl. 16:00.

Mætt: Ebba Ásmundsdóttir, Grímur Atlason, Jón Ari Arason, Hallgrímur Hrafnsson, Svava Arnardóttir og Sigurborg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð frá 1.apríl sl.

Fundargerð lögð fram til samþykktar. Samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni síðustu vikna. Margar heimsóknir og einstaklingsviðtöl. Grímur fór á fund á vegum heilbrigðis-, velferðar- og dómsmálaráðuneytis um öryggisþjónustu þar sem norskt módel er fyrirmyndin. Vinna sem hefur verið í gangi í mörg ár en aldrei tekist að klár. Tengist bæði úrræðum og lögum. Miðannarskýrsla mannréttindaráðs sameinuðu þjóðarinnar var kynnt í Mannréttindahúsi og framkvæmdastjóri sat fundinn. Skýrslan verður lögð í samráðsgátt fljótlega og mun framkvæmdastjóri gerir drög að umsögn sem hann sendir stjórn til yfirferðar.

3. Ráðstefnan, Þörf fyrir samfélagsbreytingar

Búið er að manna allar sjálfbóðaliða stöður. Rúmlega 200 skráningar komnar nú þegar. Mörg verkefni hafa verið hjá Geðhjálp í sambandi við ráðstefnuna. Erlendu gestirnir komnir og er ánægja með móttökur og landið.

4. Leið úr brálæði -þýðing á bók Daníel Mecler og Matthew Morrissey

Hrannar Jónsson þýddi - erum að lesa yfir og skoða hvert framhaldið verður. Framkvæmdarstjóri mun skoða mögulegan kostnað tengdan verkefninu.

5. Styrktarsjóður geðheilbrigðis

Skúli Helgason hélt uppá á 60 ára afmæli sitt með því að blása til styrktartónleika í Iðnó. Tónleikarnir fengu nafnið Geggjað. Það söfnuðust 3.4 milljónir sem hann færði Geðhjálp fyrir skömmu. Fjárhæðin mun nýtast til að styrkja verkefni einstaklinga, frjálsra félagasamtaka og stofnana sem tengjast eflingu geðheilbrigðis barna og ungmenna á Íslandi. Upphæðin rennur beint í styrktarsjóðinn.

Það verður opnað fyrir umsóknir í styrktarsjóðsinn í byrjun júní, Geðhjálp verður með viðburð til að vekja athygli á sjóðnum í kringum það.

6. Norræn ráðstefna í fötlunarfræði

Svava var með erindi um masterverkefni sitt á ráðstefnu í Helsinki sem bar yfirskriftina „Disability in local and global context“. Þessi ráðstefna er sú stærsta innan fötlunarfræðinnar og vakti erindið talsverða athygli og fékk Svava margar spurningar tengdar verkefninu bæði frá öðrum fyrirlesurum og áhorfendum. Svava varð margsvísari á ráðstefnunni m.a. eru

HJK JA
SA

Noregur, Danmörk og Svíþjóð komin lengra en Ísland hvað varðar notendaáhrif og notendareynslu. Mikil áhersla var á co-creation og co-design á ráðstefnunni. Árið 2026 verður ráðstefnan með meiri áhersla á geðheilbrigðismál.

7. Helstu dagsetningar

Næsti stjórnarfundur verður 10. júní n.k. og notum þá tækifærið og tökum mynd af nýrri stjórn.

Fyrsti fundur eftir sumarfrí fer í að móta stefnu fyrir næsta vetur.

8. Önnur mál

Hallgrímur: Powermapping og community mapping er verkfæri sem snýst um að kortleggja stofnanir, úrræði, samtök og einstaklinga sem tengjast í þessu tilviki á geðsviði og skrá tengingar þar á milli, t.d. fjárstreymi, valdatengingar, samvinnu og upplýsingaflæði. Með þessu er auðvelt að sjá hvar styrkleikar og veikleikar liggja í samfélaginu.

Ebba: Ebba segir frá málstofu sem hún fór á í Noregi í mars s.l. um „lista seðla“ eða „culture reference“. Verið að skoða þátttöku í tilraunverkefni þessu tengt með Noregi og hvaða aðilar héraendis gætu tekið þátt.

Grímur: Grímur átti fund með samtökunum Ský, áhugafólks um long covid, me/cfs. Mjög þarft framtak og ýmsir samnefnarar eru meðal samtakanna.

Fundi slitið kl. 17:54.

Handwritten signatures and initials:

- AAH
- AA
- MAA
- SA
- SS